

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvarvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 19% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWstgjaldi á gjaldskrárlið 23. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. febrúar 1975, sbr. auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 324 23. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Miðneshrepps

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 33.63 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst. auk fastagjalds, sem er kr. 102.45 á hvern fermeter gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 50.50 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 8.61 hverja kwst. auk mælaleigu.

C. Vélanotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 9 407.00.
2. Vélanotkun til bráðabirgða um kwst.mæli á kr. 16.65 hverja kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw:
 - a) Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 9 407.00. Notað afl telst vera mesta meðalalag á árinu mælt yfir stundarfjórðung á kw.
 - b) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst. auk fastagjalds kr. 8 902.00 á hvert kw. í málaun uppsettra véla á árinu.

Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkv. þessum gjaldskrárlið (C-3) kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

4. Um afl- og orkumæli:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 9 407.00 á kw. á ári.
- b) Af allri notkun kr. 2.80 hverja kwst.

Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til véla- reksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfplatargjald vegna ljósanotkunar kr. 103.00 á hvern ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 41.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina milli hverjum þessara flokka gólfplatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 81.00 á hvern ferm. á ári.

D. Hitun án söluskatts frá 1. des. 1973.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.20 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 2.22 hverja kwst.
3. Um afl- og orkumæli:
 - a) Á kr. 2.22 hverja kwst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á árinu kr. 1 745.00 hvert kw.
 - b) Ef ekki eru tók á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt alag.
4. Um kwst.mæli á 1.15 kr. hverja kwst. með rofi frá kl. 8—23.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 10.21 hver kwst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.

Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 16.65 hver kwst.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 3.11 hver kwst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til 22.00 eða um tvígjaldsmæli á kr. 2.39 hver kwst. á tímanum frá kl. 22.00 til 8.30 og kr. 8.10 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.00.

Til gatna- og hafnarlýsingar svo og vinnulýsingar við nýbyggingar og aðrar mannvirkjagerð á kr. 16.65 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 amp. og minni	kr. 50.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	— 61.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50 amp. og 100 amp.	— 102.00 - —
4. Af þrífasa mælum 100 amp. og yfir	— 173.00 - —
5. Af mestaafsmælum 100 amp. og minni	— 161.00 - —
6. Af mestaafsmælum yfir 100 amp.	— 305.00 - —
7. Af álagsstýriliðum minni gerð	— 173.00 - —
8. Af álags- og stýriliðum stærri gerð	— 305.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðast við aflþörf notanda, sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugargjald ákveðst þannig:

Málstraumur stofnvara amp.	Hámarksafl kva.	Heimtaugargjald kr.
3 × 60	22	38 730.00
3 × 100	38	57 100.00
3 × 200	75 sp.	112 110.00
3 × 350	132	183 500.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við gölu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum, enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 8 160.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 10 210.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar, skal notandinn greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörðu eða óveður há útvinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða heimtaugargjald samkv. reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (lúnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 220.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 220.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR O. FL.

Söluskattur er innfalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald og verðjöfnunargjald nema annað sé ákveðið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 28. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kwst.mæli á kr. 34.00 hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 14.50 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 11.40 á ferm. á mánuði.
- b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 5.80 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 8.50 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 63.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.